



# Sýslumannafélag Íslands

Hafnarstræti 1 - 400 Ísafjörður • Kt. 541207-1550

Sími 458 2400 • Netfang [syslumannafelagid@sylumenn.is](mailto:syslumannafelagid@sylumenn.is) • Vefur [www.sylumenn.is](http://www.sylumenn.is)

Ísafirði, 20. apríl 2021.

Nefndasvið Alþingis  
netfang: [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Efni: Umsögn um þingmál nr. 625 á 151. löggjafarþingi 2020-2021. Frumvarp til laga um stafrænt pósthólf í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.

## I.

A) Fullyrða má að um stórt framfaraskref verði að ræða í samskiptum stjórnvalda og borgaranna ef frumvarp þetta nær fram að ganga, ekki síst fyrir embætti sýslumanna og þá sem embættin þurfa að eiga í samskiptum við eða ná til.

Eins og útlitast er í greinargerð með frumvarpinu má telja víst að með nýju fyrirkomulagi hljótist verulegt hagræði fyrir alla. Það ætti að auka hraða og skilvirkni stjórnsýslunnar, tryggja aukið afhendingaröryggi og þar með réttaröryggi, bæta aðgengi hlutadeigandi að upplýsingum og halda vel utan um samskipti. Nýtt fyrirkomulag ætti auk þess að leiða til umtalsverðs fjárhagslegs sparnaðar a.m.k. hjá embættum sýslumanna enda kæmi það að verulegu leyti í stað birtinga stefnuvotta eða póstmanna, sendingu rekjanlegs pósts (ábyrgðarbréfa) og almenns pósts og ætti að draga úr óvissu og umstangi sem núverandi samskipta- og birtingarmátum fylgir. Einnig má áréttast að það er orðin krafa fjölmargra, ekki síst yngra fólks, að fá gögn og upplýsingar sem þau varðar eftir stafrænum leiðum.

Brýnt er að persónuvernd aðila og öryggi þessara samskipta sé tryggt eins og reyndar er áréttast í greinargerðinni. Einnig skal lögð áhersla á að aðgangur að miðlægri þjónustugátt stjórnvalda sé ekki takmörkunum háður landfræðilega, of flókinn tæknilega eða kalli á notkun snjallsíma í öllum tilfellum og einhver „varaleið“ sé í boði. Hefur t.d. svonefndur styrktur íslykill verið nefndur í því sambandi. Þá verði tryggt eftir því sem mest má verða að m.a. eldri borgarar og fólk af erlendum uppruna sem e.t.v. skilur ekki íslensku fari ekki á mis við þá möguleika og þau samskipti sem stafrænt pósthólf býður upp á. Treyst er á að þessi leið og réttaráhrif hennar verði kynnt rækilega fyrir almenningi áður en hún kemur að fullu til framkvæmda.

B) Embætti sýslumanna hafa um nokkurt skeið nýtt sér stafrænan sendingarmáta í gegn um pósthólf á vefsvæðinu [island.is](http://island.is) í sumum málaflokkum sem þeir fara með. Eins og fram kemur í áðurnefndri greinargerð hefur þessi samskiptaleið verið nýtt af tugum stofnana án sérstaks lagagrundvallar. Skal tekið undir að brýnt er að öllum vafa um réttaráhrif birtinga í stafrænu pósthólfi verði eytt og hann treystur með settum lögum

Sérstaklega ber að fagna því að gildissvið frumvarpsins nái ekki einungis til þeirrar starfsemi sem stjórnsýslulög nr. 37/1993 tiltaka, heldur, eftir því sem best verður séð, til allrar starfsemi ríkisins og þeirra sem fara með ríkisvald og dómstólar væntanlega þar með taldir. Þetta hefur m.a. í för með sér að sá þáttur í starfsemi sýslumanna sem snýr að fullnustu og skyldum málum, sem verið hefur undanskilinn ákvæðum stjórnsýslulaga, sbr. 1. mgr. 2. gr. þeirra laga, fellur undir frumvarpið, sjá einnig IX. kafla laganna, um rafræna meðferð stjórnsýslumála.

Undir fullnustu hjá sýslumönnum falla m.a. fjárnám og nauðungarsölur, sem er beitt sem úrræði við innheimtu fjárkrafa, þ.m.t. opinberra gjalda og eru stórir málaflokkar hjá embættunum sem kalla á ríka tilkynningaskyldu.

Samkvæmt gildandi lögum um málaflokkana ber að kom tilkynningum sem þar er mælt fyrir um fram með sendingu rekjanlegs pósts (ábyrgðarbréfa), tilkynninga birta af stefnuvottum eða póstmönnum og þá yfirleitt á skráðu heimili viðkomandi og að hluta með almennum bréfum. Mikil réttaráhrif geta fylgt stofnun og meðferð þessara mála og miklir hagsmunir oft undir ekki síður fyrir málshefjendur og gerðabeiðendur en gerðarþola, veðhafa og aðra aðila máls. Því er brýnt að vitneskju eða tilkynningu um þau sé komið til gerðarþola og annarra aðila málsins á sem tryggastan og skjótvirkastan hátt, sem nokkuð skortir á í dag, þannig að taka megi mál til efnislegrar afgreiðslu og leiða til lykta innan hæfilegs tíma eftir því sem efni standa til.

Einnig skal nefnt að samþykki frumvarpsins ætti að leiða til þess að dragi úr þörf fyrir birtingar auglýsinga og tilkynninga frá sýslumönnum og fleiri aðilum, sem eingöngu er beint að tilteknum aðilum í Lögbirtingablaði, auglýsinga sem í sjálfu sér kalla ekki á opinbera birtingu eða eiga sérstakt erindi við almenning. Skal þar sem dæmi nefnd innheimta vanrækslugjalds samkvæmt umferðarlögum nr. 77/2019, sem embætti undirritaðs sinnir (Sýslumaðurinn á Vestfjörðum), en í 7. mgr 74. gr. laganna segir: „*Takist ekki birting greiðsluáskorunar sem undanfari nauðungarsölu má fara með mál sem segir í 4. mgr. 110. gr. um birtingu í Lögbirtingablaði. Sú birting hefur sömu réttaráhrif og hefði hún verið birt beint fyrir þeim sem greiðsluáskorun beinist að.*“ Mun markvissara væri að geta beint þessum erindum beint að skuldurum um hið stafræna pósthólf með þeim réttaráhrifum sem því fylgir en að birta fyrir viðkomandi með stefnuvotti eða póstmanni og takist sú birting ekki að þurfa að auglýsa áskorun gagnvart viðkomandi í Lögbirtingablaði en um einhver hundruð auglýsinga gæti verið að ræða á hverju ári. Væri e.t.v. rétt, til að taka af tvímæli um hvort áfram beri að notast við Lögbirtingablaðið eða ekki þar sem lög mæla fyrir um það jafnframt hinni stafrænu gátt. Mætti e.t.v. tiltaka sérstaklega í 7. gr. frumvarpsins að ákvæðið næði einnig til auglýsinga í Lögbirtingablaði þar sem við á, en sá vettvangur er hvergi nefndur í frumvarpinu. Mætti því huga að því að breyta ákvæðinu og orða það eitthvað á þessa leið með þeim texta undirstrikudum sem felur í sér breytingu á texta frumvarpsins:

„ . . . Þar sem í lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum er kveðið á um að gögn skuli birt á ákveðinn hátt, svo sem með auglýsingu í Lögbirtingablaði eða öðrum miðlum, símskeyti, ábyrgðarbréfi, stefnuvotti eða öðrum sannanlegum hætti, skal birting í stafrænu pósthólfi metin fullgild.“

Ef birting í stafrænu pósthólfi verður ekki komið fram, t.d. þar sem erlendur aðili á í hlut, mætti áfram birta í Lögbirtingablaði gagnvart viðkomandi.

C) Fram kemur í 1. mgr. 6. gr. frumvarpsins að opinberum aðilum, þ.e. ríki, sveitarfélögum, stofnunum þeirra og öðrum opinberum aðilum, verði skylt að birta gögn í stafrænu pósthólfi. Í 10. gr. frumvarpsins segir á hinn bóginn að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 6. gr. sé heimilt að innleiða skyldu til birtingar í áföngum og að ráðherra skuli eigi síðar en fyrir lok árs 2021 gefa út áætlun um stafræna birtingu af hálfu ríkisaðila og sveitarfélaga, sem skuli að fullu innleidd í síðasta lagi 1. janúar 2025. Þá segir í ákvæðinu að listi yfir birtingaraðila og hvaða gögn eru birt af þeirra hálfu skuli vera birtur í miðlægu þjónustugáttinni þar til innleiðingu er lokið.

Sýslumenn eru þegar farnir að nýta sér þennan birtingarmáta í nokkrum málaflokkum sem áður segir. Tæpast verður heimilt að treysta einvörðungu á hann í öllum málaflokkum fyrr en ákvæði 10. gr. laganna hafa að fullu tekið gildi. Í ljósi hins mikla ávinnings sem af því gæti hlotist fyrir embætti sýslumanna að þeim væri heimilað að notast við þennan birtingarmáta einvörðungu skal því lýst yfir að embættin eru þess mjög fýsandi að verða sem fyrst skráð á lista yfir birtingaraðila ásamt þeim gögnum sem þeir þurfa eða óska eftir að birta af sinni hálfu í hinni miðlægu þjónustugátt. Er ekki vitað til að neitt sé því til fyrirstöðu af hálfu sýslumanna að hefja birtingar eða samskipti í samræmi við ákvæði frumvarpsins ef

að lögum verður enda þekking og búnaður til staðar og rík þörf.

Má loks nefna að verið er að leggja lokahönd á nýjan vef sýslumanna á vefsvæðinu Ísland.is. Er þar lögð mikil áhersla á að bjóða upp á alla þá þjónustu fyrir notendur sem nútímataekni framast leyfir til að auðvelda þeim að sinna sínum málum sjálfir, fljótt og örugglega með góðum aðgangi að upplýsingum og stafrænu viðmóti.

## II.

Umsagnarbeiðni frá nefndasviði Alþingis var ekki send öðrum embættum sýslumanna en Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu enda ekki athugasemdir frá öðrum embættum þegar frumvarpið var í samráðsgátt stjórnvalda, sem mál nr. S-196/2020 haustið 2020.

Það varð hins vegar að samkomulagi að athugasemdir sem embætti Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu tók saman yrðu sendar í nafni Sýslumannafélagsins. Eru þær sem hér segir:

### **„1. – 3. gr. Pósthólf barna.**

*Í 2. gr. segir að allir einstaklingar með kennitölu eigi aðgang að sínu eigin stafræna pósthólfi. Hér virðist því reiknað með að barn fái pósthólf við fæðingu, þ.e. þegar það fær kennitölu. Barn getur ekki fengið rafræn skilríki upp á eigin spýtur, sama hver aldur þess er, og á þannig ekki óheftan aðgang að pósthólfi sínu. Sjá [upplýsingar á vef Auðkennis](#).*

*Samkvæmt dönskum reglum um [Digital post](#), fá börn rafrænt pósthólf við 15 ára aldur. Foreldrar hafa ekki sjálfkrafa aðgang að pósthólfi barnsins. <https://www.borger.dk/internet-og-sikkerhed/Digital-Post/digital-post-for-15-aarige>*

*Rétt er að skoða hvort rétt er að veita börnum, sem hafa náð tilteknum aldri, möguleika á að taka sjálfstætt við upplýsingum frá opinberum aðilum inni í pósthólfinu.*

### **3. gr. Pósthólf þeirra sem hafa verið svipt fjárræði eða sjálfæði.**

*Mælt er fyrir um að aðila, sem falið er á grundvelli laga að gæta hagsmuna einstaklings skuli veittur aðgangur að pósthólfi viðkomandi. Sem dæmi er nefnt í athugasemdum að yfirlögráðandi eða skipaður lögráðamaður einstaklings sem hefur verið sviptur fjárræði og/eða sjálfæði skuli fá aðgang að pósthólfi hans.*

*Hér virðist sem aðgangur lögráðamanns / yfirlögráðanda að pósthólfi eigi að vera ótakmarkaður.*

*Mikilvægt er, með tilliti til persónuverndar þeirra sem svipt eru fjárræði eða sjálfæði, að aðgangur lögráðamanns / yfirlögráðanda að pósthólfi, takmarkist við þær upplýsingar sem lögráðamaður / yfirlögráðandi á lagalegan rétt á. Fjárhagslegar upplýsingar eiga ekki að vera aðgengilegar vegna þeirra sem hafa verið svipt sjálfæði. Sömuleiðis eiga upplýsingar er varða persónulega hagi ekki erindi til lögráðamanns / yfirlögráðanda vegna þeirra sem svipt eru fjárræði. Tekið er fram að yfirlögráðandi er ekki tiltekinn einstaklingur, þar er um að ræða stofnun. Sýslumenn heita yfirlögráðendum þegar þeir fjalla um mál á grundvelli lögræðis laga.*

### **4. gr. Ábyrgð birtingaraðila á gögnum.**

*Hér er skv. greinargerð átt við ábyrgð á vörslu og meðferð gagna sem birt eru með þessum hætti. Ef rekstraraðili ákveður að opna pósthólf fyrir öðrum en viðtakanda (3. gr.) þá hlýtur rekstraraðili að bera ábyrgð á þeirri meðferð, en skv. 4. gr. virðist sú ábyrgð hvíla á birtingaraðila. Birtingaraðili sem sendir*

móttakanda gagn, getur varla tekið ábyrgð á meðferð gagns samkvæmt framkvæmd rekstraraðila á reglum um að hægt sé að veita öðrum aðgang að pósthólfi.

Lika má taka fram að birtingaraðili ætti að geta séð hvort gagn sem hann sendir verður aðgengilegt öðrum en skráðum viðtakanda.

#### **5. gr. Ósk um gögn á annan hátt.**

Ekki verður séð að nauðsynlegt sé að þau sem eru vel í stakk búin til að móttaka rafræn gögn, geti óskað pappírssendinga frá stjórnvaldi án málefnalegra ástæðna og án þess að greiða fyrir þjónustuna allt til 1. janúar 2025.

Mikilvægt er að lögin séu skýr um að möguleg pappírssending verði **til viðbótar** við sendingu í pósthólf þ.e. að 5. gr. heimili aðila ekki að hafna því að stjórnvald sendi gagn í pósthólfið og jafnframt að **réttaráhrif skv. 7. gr. standi óhögguð** þó aðili óski sendingar á pappír.


#### **7. gr. Upplýsingar um opnun skjals.**

Hér segir í greinargerð: „Þá munu birtingaraðilar ekki fá upplýsingar um hvenær einstaklingar og lögadilar lesa hvern og einn póst, enda væri það óhóflegt inngríp hvað persónuvernd varðar.“

Sýslumenn hafa þegar innleitt sendingar í pósthólf Island.is í ákveðnum þáttum starfsemi sinnar. Í starfskerfum er sýnilegt hvort og hvenær viðtakandi opnaði sendingu. Samkvæmt því sem segir í greinargerð ætti að hverfa frá því að sýna þessar upplýsingar.

Upplýsingar um hvort sending hafi verið opnuð og hvenær það var gert, getur haft áhrif á hvað stjórnvaldi ber að gera í máli sem það er með til meðferðar og stjórnsýslulög gilda um. Til að nefna dæmi til skýringar, þá kann að vera mikilvægt er að fá aðila til viðtals vegna rannsóknar á stjórnsýslumáli. Ef boðið er viðtal og það bréfer ekki opnað, getur verið rétt að leita annarra leiða til að ná sambandi við aðila málsins. Það getur því verið mikilvægt við meðferð tiltekinna stjórnsýslumála að sjá hvort viðtakandi opnaði skjalið og ekki rétt að kalla það „óhóflegt inngríp“ eins og segir í athugasemdum með greininni.“

Að endingu er sú ósk sett fram að þetta þingmál fái skjóttan og góðan framgang.



Jónas Guðmundsson  
formaður stjórnar Sýslumannafélags Íslands